

**BORGARRÁÐ 25. maí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, um aukafund borgarráðs með stjórn OR - MSS23050161**

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur til að borgarráð samþykki að óska eftir aukafundi með stjórn Orkuveitunnar til að skýra hver vilji eigenda sé um þau markmið sem eigi að vera til grundvallar við val á aðferðarfræði við hlutafjárútgáfu Ljósleiðarans.

**Greinargerð:**

Í tillögu borgarstjóra um hækkun hlutafjár Ljósleiðarans og greinargerðinni er kveðið á um að val á aðferðarfræði og umbúnaði við útgáfu nýs hlutafjár verði undirbúin á ábyrgð Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnar hennar. Þar sem val á aðferðarfræði tekur alltaf mið af þeim markmiðum sem eigendur vilja ná fram með hlutafjárútbodinu er nauðsynlegt að upplýsingar um þau markmið liggi fyrir. Greinargerð og tillaga borgarstjóra er mjög óljós hvaða markmið hlutafjárútbodið eigi að uppfylla önnur en að greiða niður skuldir Ljósleiðarans og styrkja stöðu félagsins á samskiptamarkaði. Aftur á móti er það almennt vinnulag við val á aðferðarfræði að fyrir liggi hvert markmið hlutafjárútgáfunnar er. Til dæmis kann það að vera sérstakt markmið að hafa gagnsæi og jafnræði í öndvegi við val á aðferðarfræði eða að hámarka líkur á hagstæðu markaðsverði. Einnig kann það að vera markmið að hafa dreift eignarhald eða að fá inn færri og stærri hluthafa, þá mögulega með þekkingu sem kann að nýtast við starfsemi fyrirtækisins. Almennt byggir hvert markmið á rökstuðningi út frá starfsemi og stefnu þess fyrirtækis sem á í hlut og þar með vilja eigenda þess fyrirtækis. Þessar upplýsingar skortir frá eigendum Orkuveitunnar.

Eigendur bera alltaf endanlega ábyrgð á hlutafjárútgáfunni og þar með þeirri aðferðarfræði sem verður fyrir valinu. Það gefur augaleið að með því að tilgreina ekki hver sé vilji eigenda í markmiðum hlutafjárútbodsins, kann að verða fyrir valinu aðferðarfræði sem hugnast ekki eigendum eða er í ósamræmi við þá stefnu sem þeir fylgja við stjórnun Reykjavíkurborgar og dótturfyrirtækja hennar. Eins og fram kemur í tillögu borgarstjóra á undirbúningur vals á aðferðarfræði við hlutafjárútgáfuna að vera á ábyrgð stjórnar Orkuveitunnar. Til að gæta þess að sá undirbúningur byggji á réttum forsendum er eðlilegt að eigendur tilgreini hvaða markmið eiga að liggja til grundvallar við vali á aðferðarfræði við hlutafjárútgáfu Ljósleiðarans.